



Stjórnarfundur Félags prófessora við ríkisháskóla

11. fundur stjórnar 2023-2024 föstudaginn 16. febrúar 2024

kl. 12.00 – 14.00 haldinn Öskju, stofu N120 (Gjá) og á Teams.

Mætt: Sigrún Ólafsdóttir formaður, Guðný Björk Eydal, Ragna Benedikta Garðarsdóttir og Zophonías Oddur Jónsson. Á Teams: Grétar Þór Eyþórsson og Hólmfríður Garðarsdóttir.

Forföll: Ólafur Páll Jónsson og Þóroddur Bjarnason.

Lilja Þorgeirsdóttir, framkvæmdastjóri ritaði fundargerð.

Eftirfarandi dagskrá lá fyrir fundinum:

1. Launa- og kaupmáttarþróun innan BHM 2018-2023 með áherslu á prófessora. Vilhjálmur Hilmarsson hagfræðingur BHM kemur á fundinn.
2. Kröfugerð félagsins í komandi kjaraviðræðum. Framhald.
3. Næsti stjórnarfundur.
4. Önnur mál.

Fylgiskjöl með fundargerð:

1. Árangur FPR 2018-2023. Laun og launaþróun.

Sigrún Ólafsdóttir formaður Félags prófessora við ríkisháskóla (FPR) setti fundinn kl. 12.10.

1. Launa- og kaupmáttarþróun innan BHM 2018-2023 með áherslu á prófessora.

Vilhjálmur Hilmarsson hagfræðingur BHM fór yfir launa- og kaupmáttarþróun prófessora á árunum 2018-2023. Ljóst er að kaupmáttaraukning hjá BHM var mjög lág samanborið önnur bandalög á tímabilinu. Þá kemur FPR ekki vel út samanborið við önnur félög innan BHM. Ástæðan er áhersla á krónutöluhækkningar í kjarasamningum, launapak ásamt launaskriði.

2. Kröfugerð félagsins í komandi kjaraviðræðum. Framhald.

Rætt var um áherslur félagsins í kjaraviðræðunum sbr. umræðu á síðasta fundi. Farið var yfir almennar kröfur sameiginlegar með fleiri félögum og sérkröfur prófessora sem félagið mun leggja áherslu á. Rætt var um að sameinast um ákveðnar kröfur með háskólafélögunum. Samninganefnd FPR vinnur áfram með málið sem verður aftur á dagskrá næsta fundar.

3. Næsti stjórnarfundur.

Næsti stjórnarfundur verður föstudaginn 23. febrúar kl. 12-14.

Áhugi er að fá ÞB til að kynna nýja nýtt fjármögnunarlíkan háskólanna.

4. Önnur mál.

a) Yfirlýsing stéttarféлага háskólamenntaðra.

Sameiginleg yfirlýsing 22 stéttarféлага var send út í gær þar sem krafist er leiðréttingar á launum háskólamenntaðra og að þeim verði tryggð kaupmáttaraukning ráðstöfunartekna í komandi kjaraviðræðum. FPR var með í yfirlýsingunni sem send var á fjölmiðla og samninganefndir hins opinbera.

b) Aðalfundur FPR.

Áður var ákveðið að aðalfundur FPR verði þriðjudaginn 7. maí kl. 12-14 eða síðar um daginn. Ákveðið var að fundurinn verði kl. 15-17 ef hentug fundaraðstaða fæst á þessum tíma. Ekki er hægt að bóka stofu á háskólasvæðinu á þessum tíma vegna prófatíma hjá HÍ. Leitað verði að öðrum fundastað út fyrir háskólasvæðið.

c) Málþing FPR, FH og FHA um kjör og líðan starfsfólks HÍ og HA

Málþingið verður föstudaginn 1. mars kl. 14-16.30 í Odda, stofu O-101.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 14.10.

Fundarritari: LP.